

Nd.

120. Frumvarp til laga

[117. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977, lög nr. 25/1980 og lög nr. 84/1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Í stað „1976—1982“ í 1. málsg. 24. gr. laganna komi: 1976—1984, og í stað „1983“ komi: 1985.

Í stað „1980—1982“ í 2. málsg. 24. gr. komi: 1980—1984.

2. gr.

4. málsg. 27. gr. laganna (ákvæða til bráðabirgða) orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. málsg., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu nefnt fimm ára tímabil borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

Með lögum nr. 3/1977 voru sett ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda árin 1976 og 1977 til samræmis við samkomulag Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í febrúar 1976 og breytingu á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Þessi ákvæði um verðtryggingu lífeyris úr Lífeyrissjóði bænda hafa síðan verið framlengd með nokkrum breytingum, síðast með lögum nr. 25/1980, en samkvæmt þeim lögum skyldu verðtryggingarákvæðin gilda til ársloka 1982. Í síðastnefndu lögunum er jafnframt kveðið á um, hvernig útgjöld til verðbótageiðslna árin 1980—1982 skuli borin, og eru ákvæðin um það efni í samræmi við ákvæði laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra, sbr. 25. gr. þeirra laga.

Í samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 30. júní 1982 er gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun verðbótageiðslna og kostnaðarskiptingar árin 1983—1984 að því er varðar greiðslur samkvæmt I. kafla laga nr. 97/1979, þ. e. eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Hefur nú verið lagt fram frumvarp til laga um breyting á þeim lögum, þar sem auk framlengingar á ákvæðum 21. og 24. gr. um verðtryggingu og kostnaðarskiptingu í samræmi við nefnt samkomulag er gert ráð fyrir hliðstæðri framlengingu á ákvæðum 22. og 25. gr. laganna. Lagafrumvarp þetta er við það miðað, að framlenging þessara lagaákvæða nái fram að ganga og eigi sér þá stað hliðstæð framlenging á núgildandi verðtryggingarákvæðum laga um Lífeyrissjóð bænda.